

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 17. maí 2024

Mál nr. S-280/2023:

Héraðssaksóknari

(Teitur Már Sveinsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Ómari Jóhannssyni

(Eiríkur Gunnsteinsson lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, þann 27. apríl 2023, á hendur Ómari Jóhannssyni, [...]

fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins Omzi, [...], nú afskráð, sem daglegum stjórnanda félagsins til 7. mars 2018 og frá þeim degi sem stjórnarmanni og daglegum stjórnanda félagsins út ákærutímabilið, með því að hafa:

- Staðið skil á efnislega rangri virðisaukaskattsskýrslu einkahlutafélagsins uppgjörstímabilið mars-apríl rekstrarárið 2018 og eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna september-október og nóvember-desember rekstrarárið 2018, og með því vanframtalið virðisaukaskattskylda veltu að fjárhæð samtals 68.737.387 krónur og virðisaukaskatt sem innheimtur var, eða innheimta bar, í rekstri einkahlutafélagsins framangreind uppgjörstímabil, og standa bar ríkissjóði skil á í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð 16.342.243 krónur, að teknu tilliti til inneignar á uppgjörstímabilunum janúar-febrúar og júlí-ágúst rekstrarárið 2018 og vanframtalins innskatts, sem sundurliðast sem hér greinir:

2018

Janúar – febrúar	kr.	-1.284.474
Mars – apríl	kr.	8.244.781
Maí – júní	kr.	0
júlí – ágúst	kr.	-2.563.241
September – október	kr.	4.202.149
Nóvember – desember	kr.	7.897.758
Vanframtalinn innskattur	kr.	-154.730

Samtals: kr. 16.342.243

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins greiðslutímabilin apríl til og með desember rekstrarárið 2018 og janúar rekstrarárið 2019, samtals að fjárhæð 18.020.336 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

2018		
Apríl	kr.	1.870.967
Maí	kr.	2.201.933
Júní	kr.	2.023.129
Júlí	kr.	1.635.522
Ágúst	kr.	1.251.101
September	kr.	1.844.402
Október	kr.	1.954.782
Nóvember	kr.	2.168.018
Desember	kr.	1.995.247
	kr.	16.945.101
2019		
Janúar	kr.	1.075.235
	kr.	1.075.235
Samtals:	kr.	18.020.336

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. tölulið ákæru eru þar talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 2. tölulið ákæru eru þar talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Krefst ákæruvaldið þess að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var þingfest 1. júní 2023.

Ákærði neitar sök.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins. Til vara er þess krafist að verði ákærði sakfelldur verði honum ákveðin vægustu viðurlög sem lög heimila. Af hálfu ákærða er þess einnig krafist að allur sakarkostnaður þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

Aðalmeðferð fór fram 5. mars. 2024 og var málið dómtekið að henni lokinni. Var málið endurflutt þann 8. maí 2024.

II.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 2021, vísaði skattrannsóknarstjóri málum ákærða til héraðssaksóknara, vegna meintra brota á ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, ákvæðum laga nr. 145/1994, um bókhald, og eftir atvikum almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í bréfinu kom fram að málin væru send á grundvelli rannsóknar skattrannsóknarstjóra á bókhaldi, staðgreiðslu- og virðisaukaskattskilum Omzi ehf., (nú afskráð), [...], vegna rekstrartímabilsins 1. janúar 2018 til og með 31. janúar 2019. Samkvæmt gögnum málsins var framangreint einkahlutafélag tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. mars 2019.

Rannsókn vegna brota er varðar skattaðilann Omzi ehf., mun hafa hafist formlega 17. september 2019 með því að skiptastjóra skattaðila var tilkynnt um rannsókn. Rannsóknin hafi meðal annars leitt í ljós að af hálfu skattaðila hafði verið staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum, ekki hafi verið staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum fyrir tiltekin tímabil, skattskyld velta og útskattur hafi verið vanframtalinn og staðgreiðsluskilagreinum skilað innan lögboðins frests en án greiðslu. Auk þess sem í ljós hafi komið að skattaðilinn hafi vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna líkt og honum bar skylda til.

Tölulegar niðurstöður rannsóknarinnar munu hafa verið þær að vanframtalin skattskyld velta hefði numið 68.737.387 krónur, og vantalin útskattur samtals 16.496.973 krónur. Þá hefði vangoldin afdregin staðgreiðsla numið 19.302.514 krónur, vegna rekstraráranna 2018 og 2019. Hafi brotið verið talið varða ákærða refsingu samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um bókhald og

eftir atvikum almennra hegningarlaga. Hafi ákærði á þeim tíma sem rannsóknin nær til verið skráður meðstjórnandi og handhafi prókúruumboðs skattaðilans. Auk þess sem ákærði hafi gengist við að hafa stýrt daglegum rekstri skattaðilans.

Í rannsóknargögnum er yfirlit yfir afdregna, en vangoldna, staðgreiðslu opinberra gjalda af launum launþega Omzi ehf., vegna rekstrartímabilanna apríl 2018 til og með janúar 2019. Er yfirlitið byggt á tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs. Kemur fram að miðað við eindaga hverju sinni sé fjárhæðin alls 18.020.336 krónur, þar af 16.945.101 króna vegna ársins 2018 og 1.075.235 krónur, vegna ársins 2019. Sams konar yfirlit eru fyrir innheimtan og skilaskyldan virðisaukaskatt af hálfu sama félags, vegna rekstrarársins 2018. Kemur þar fram að vanframtalinn útskattur nemi 16.496.973 krónur og vanframtalinn innskattur 154.730 krónur, samtals 16.342.243 krónur.

Þann 7. nóvember 2019 var skýrsla tekin að ákærða sem sakborningi hjá Skattrannsóknarstjóra. Í skýrslutökunni vegna skattaðilans Omzi ehf., kom fram að ákærði hefði verið aðaleigandi félagsins, en A, hafi séð um fjármálin og daglegan rekstur félagsins, þar til hann lenti inni á [...] vorið 2018. Kvað hann félagið hafa átt í miklum fjárhagserfiðleikum eftir að ÍAV sagði upp samningi við þá, sem ráku félagið að enda í þrot. Þá kvað ákærði B hafa séð um bókhald félagsins, sem og að gera skilagreinar félagsins og skila virðisaukaskattsskýrslum. Þá kvað ákærði að undir lokin hefði verið lögð áhersla á að greiða mönnum laun og forða félaginu frá gjaldþroti. Aðspurður kvaðst ákærði hafa tekið þá ákvörðun að skila ekki afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs.

Endanleg skýrsla vegna rannsóknar á bókhaldi, staðgreiðslu- og virðisaukaskattsskilum Omzi ehf., ásamt tilvitnuðum fylgiskjölum liggur fyrir og er dagsett 15. desember 2020. Í fylgigögnum skýrslunnar, nánar tiltekið ítarskjali A5, er umfjöllun um innsend andmæli lögmanns ákærða. Kemur þar fram að í andmælabréfinu sé greint frá því að ákærði hafi alfarið séð um ákvarðanatöku og greiðslu krafna á því tímabili sem rannsóknin tekur til og hann því eini aðilinn sem beri ábyrgð á þeim þáttum sem rannsóknin tekur til. Þá séu í andmælunum raktar ástæður fyrir rekstrarerfiðleikum skattaðilans, sem urðu til þess að hann var tekinn til gjaldþrotaskipta. Þá hafi verið gerðar athugasemdir við að misræmi

virðist vera á milli raunveltu og veltu samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra. Engin gögn hafi þó fylgt andmælunum þessu til stuðnings.

Með bréfi skattrannsóknarstjóra dagsettu 21. desember 2020 til ákærða var honum tilkynnt um lok rannsóknar embættisins sem og um fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð. Var ákærða veittur 15 daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun um refsimeðferð. Fyrir liggur að lögmaður ákærða svaraði erindinu með bréfi dagsettu 21. janúar 2021, þar sem athugasemdir voru gerðar vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar skattrannsóknarstjóra um refsimeðferð. Kom þar fram að af hálfu ákærða væri þess óskað að málinu yrði vísað til sektarmeðferðar hjá yfirskattanefnd þar sem tekið yrði til varna vegna meintra brota á skattalögum. Með bréfi dagsettu 1. febrúar 2021 var ákærða tilkynnt um að málinu yrði vísað til rannsóknar héraðssaksóknara.

III.

Í máli þessu eru ákærða gefin að sök skattalagabrot, eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði hefur neitað sök.

Í greinargerð ákærða kemur fram að félagið Omzi ehf., sem síðar hafi orðið gjaldþrota og verið afskráð, hafi tekið að sér verk sem undirverktaki D. Hafi verkið snúist um uppsteypu á nokkrum fjölbýlishúsum við H í Kópavogi, en verkið hafi gengið undir nafninu I 201. Húsin sem félagið átti að steypa upp hafi verið nr. 24, 26 og 28 samkvæmt upphaflegum samningi og breytingum meðan á verktíma stóð. Í upphafi árs 2018 hafi rekstur Omzi ehf. staðið vel en fljótlega farið að halla undan fæti þar sem samstarf við D. hafi orðið mjög erfitt þegar leið árið 2018. Hafi Omzi ehf. lent í því reglulega að vinnu- og verkskýrslur hafi ekki verið samþykktar eða samþykktar seint og um síðir. Af þessum ástæðum hafi útgáfa reikninga dregist og í kjölfarið tekjustreymi. Félagið eða starfsmenn þess hafi ekki borið ábyrgð á seinagangi verksins. Fljótlega hafi af þessum sökum orðið misræmi í innkomu vegna vinnu fyrir verktakann og útgjalda sem fólust að miklu leyti í launum starfsmanna Omzi ehf. sem unnið hefðu vinnu sem ágreiningur hafi verið um hvort eða hvernig fengist greidd. Hafi þetta leitt til skekkju í skattskilum Omzi ehf, en ákærði hafi verið í góðu sambandi við sýslumanninn á Suðurlandi um greiðsluáætlun og svo aðra kröfuhafa þar sem víðar hafi myndast skekkja milli tekna og

útgjalda félagsins. Samstarf aðila hafi versnað enn frekar er liðið hafi á árið 2018 og að lokum hafi verksamninginum verið sagt upp eða rift af hálfu D Um þá riftun sé ágreiningur og hafi verið höfðað mál á hendur nefndu félagi af hálfu C sem keypt hafi kröfuna af Omzi ehf. með kröfuframsali í lok janúar 2019. Þá hafi legið ljóst fyrir að uppsafnaðar skuldir Omzi ehf. væru of íþyngjandi til að hægt væri að bjarga félaginu en ákærði hefði gert hvað hann hafi getað til að reyna að bjarga því þannig að það gæti staðið í skilum en komið að lokuðum dyrum. Segir ákærði grundvöll kröfunnar í dómsmálinu að um sammingsbrot hafi verið að ræða af hálfu D. Við hina ólögmetu uppsögn eða riftun þess félags hafi Omzi ehf. neyðst til að fara með allan sinn mannskap í verkefni fyrir E. Hafi það verið neyðarráðstöfun þar sem fyrirtækið hafi verið með töluverðan fjölda starfsmanna á launaskrá í trausti þess að vera með verkefni í H. Eftir á að hyggja megi í raun efast um að þetta hafi verið rétta leiðin því félagið hafi í raun verið gjaldþrota á þeim tíma vegna sammingsbrota D.

Sú erfiða staða sem upp hafi verið komin á þessum tíma hafi gert það að verkum að Omza ehf. hafi í raun verið ókleift að standa við uppsafnaðar skuldbindingar og hafi í raun stöðugt verið að elta skottið á sér. Ákærði hafi lítið sem ekkert greitt sér í laun og ekki hafi verið til fjármunir til að greiða fyrir bókhaldsþjónustu þar sem fjármunir hafi að mestu farið í greiðslu launa þ.m.t. til lífeyrissjóða og til að halda félaginu frá gjaldþroti. Hafi ákærði þó verið staðráðinn í að halda félaginu á floti og greiða þær skuldir sem hafi verið útistandandi og hafi skuldir við Skattinn að sjálfsögðu verið þar meðtaldar. Í því skyni hafi verið lögð fram beiðni til Héraðsdóms Suðurlands um heimild til greiðslustöðvunar. Beiðninni hafi verið hafnað með úrskurði þann 23. desember 2018 og niðurstaðan einkum á því byggð að ekki væru líkur á að staða félagsins batnaði þar sem D hefðu gert um 80 milljóna króna skaðabótakröfu vegna vanefnda Omzi ehf. Að mati ákærða sé krafa sú uppspuni frá rótum en sama krafa hafi síðast virst hækka í tæpar 140 milljónir króna samkvæmt kröfuskrá skiptastjóra Omzi ehf. Verjandi ákærða hafi reynt að afla nánari skýringa á kröfunni í lok maí 2019 en ekki fengið svör frá skiptastjóra.

Ákærði hafi þrátt fyrir þetta högg verið staðráðinn í því að halda rekstri Omzi ehf. áfram enda nokkur ábatasöm verkefni í gangi fyrir E. Honum hafi þó fljótlega upp úr áramótum 2018/2019 borist til eyrna að það félag gæti ekki átt í viðskiptum við Omzi ehf. vegna vanskila með opinber gjöld og lífeyrissjóðsgjöld. Hafi því verið tekin ákvörðun um að

framselja kröfur Omzi ehf. til C en síðarnefnda félagið sé í eigu ákærða og hafi með höndum verktakastarfsemi á vegum þeirra eftir gjaldþrot Omzi ehf. Ákærði hafi því í reynd verið neyddur til þess að missa Omzi ehf. í þrot og í kjölfarið hvorki haft stjórn á greiðslu þeirra áðurnefndu krafna sem safnast hefðu upp né frágangi á skattskýrslum.

Af ofansögðu telur ákærði að hann eigi sér miklar málsbætur, einkum þær að Omzi ehf. hafi lent í verulegum erfiðleikum í samstarfi við D sem orðið hafi upphafið að endalokum félagsins. Hvorki ákærði né aðrir eigendur Omzi ehf. hafi hagnast vegna vanskilanna eða vegna þeirrar háttsemi að skila ekki virðisaukaskattsskýrslum eða skilagreinum á því tímabilum sem rannsóknin greini. Ekki sé vafi á að það sé í andstöðu við lög um tekjuskatt og virðisaukaskatt að skila ekki skýrslum til skattýfirvalda eða standa ekki skil á greiðslum. Hins vegar kunni að vera málsbætur sem horfa verði til. Á því tímabili sem um ræði hafi ákærði verið í verulegum vandræðum að slökkva elda út um allt til að koma félaginu á réttan kjöl og standa í skilum með allt, þá ekki síst opinber gjöld. Vegna hinnar erfiðu fjárhagsstöðu hafi hann þurft að ákveða hvernig því litla fé sem félagið hafi haft til ráðstöfunar yrði varið. Í því sambandi verði að horfa til þess að umrædd brot verði að vera stórfelld eigi þau að falla undir 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en jafnframt að hafi þau verið framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða hirðuleysi. Hvorugt eigi við að mati ákærða og verði að líta til fleiri þátta. Ef litið sé til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt sé ljóst að lögð sé áhersla á að sakborningur geti átt sér miklar málsbætur og verði að horfa til þess. Ljóst megi vera að sá sem eigi sér miklar málsbætur geti ekki á sama tíma verið talinn hafa brotið af sér með stórfelldu gáleysi eða hirðuleysi. Einhver skýring sé m.ö.o. að baki háttseminni sem leiði til þess að viðkomandi telji sig eiga málsbætur og að háttsemi hans sé af þeirri ástæðu skiljanleg.

Í tilviki ákærða sé aðstaðan sú að fyrirtæki hans, Omzi ehf., hafi unnið að beiðni D fram að riftun við framkvæmdir í H í Kópavogi. Áður hafi ýmislegt gengið á þar sem verkkaupi hafi dregið að samþykkja og greiða reikninga. Hafi það meðal annars leitt til þess að ákærði hafi fært reikninga á milli tímabila en þó gert grein fyrir þeim öllum að lokum. Ekki sé um stórfellt gáleysi að ræða eða ásetning heldur hafi þetta verið gert af illri nauðsyn. Þá hafi staðan verið orðin verulega dökk eftir að verkkaupi hafi rift samningi en þá hafi safnast upp skattaskuld sem ákærði hafi verið í góðri trú um að geta samið um líkt og hann hafi áður gert enda verkefnastaða góð, a.m.k. möguleiki á

arðbærum verkefnum. Á hinn bóginn hafi reynst erfitt að eiga við uppsöfnun skulda sem rekja hafi mátt til stórfelldra vanefnda D og í raun ólögsmætrar framkomu félagsins. Leggi ákærði nú fram gögn sem sýni að hann hafi gert allt sem í hans valdi hafi staðið til að ganga réttilega frá opinberum gjöldum en slæm staða félagsins hafi gert honum erfitt fyrir. Vísar ákærði sérstaklega til yfirlýsingar BDO sem staðfesti að Omzi ehf. hafi verið með rétt skattskil allt þar til í lok árs 2018. Þá sé ítrekað að ákærði hafi ekki hagnast með nokkrum hætti á þeirri háttsemi sem hann sé ákærður fyrir en D hafi hafnað greiðslu á reikningum vegna vinnu sem ákærði og menn hans hafi sannanlega unnið en jafnframt hafi félagið haldið eftir verktryggingu sem við riftun hafi staðið í nærri 20 milljónum króna auk annarra vanskila. Ekki sé nóg með að hann hafi ekki hagnast heldur hafi stórtap orðið á verkinu og hafi það einnig eyðilagt síðari verk meðal annars vegna stórra verkefna fyrir E. Sé því verulega óeðlilegt að til viðbótar því að hafa orðið illa fyrir barðinu á stórum verktaka sé ákærði einnig ákærður. Vísar ákærði til sömu sjónarmiða vegna brota á 2. mgr. 30. gr. laga nr. 4/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákærði byggir einnig á því að misræmi virðist vera milli raunveltu og veltu samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra. Vísar ákærði þar einkum til veltu vegna mars-apríl 2018, júlí-ágúst 2018 og tímabilanna frá september til október og nóvember til desember 2018 þegar skýrslum var ekki skilað. Vekur ákærði sérstaka athygli á að niðurstaða skattrannsóknarstjóra hafi verið sú að skilað hafi verið efnislega rangri skýrslu vegna júlí-ágúst 2018 en það hafi verið rangt hjá skattrannsóknarstjóra og hafi ekki verið ákært fyrir það tímabil.

Í reynd telur ákærði að rekstur Omzi ehf. og útgefnir reikningar geti ekki leitt til þeirrar niðurstöðu sem ákæra byggir á en hann hafi hins vegar takmarkaðan aðgang að gögnum þar sem félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota í byrjun árs 2019. Þá telur ákærði að fjárhæðir þær sem tilgreindar séu í ákæru nái ekki viðmiði um fjárhæðir sem fara beri eftir. Þótt Hæstiréttur hafi í nýlegum dómi slegið því föstu að slík viðmið breyti ekki refsinaemi háttsemi samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þá þýði það ekki að aldrei skuli horfa til þess. Í raun sé mjög brýnt að fyrir liggja hvað sé stórfellt brot og hvaða þættir geti haft áhrif á slíkt mat. Verði horft til þess að þær fjárhæðir í ákæru séu umtalsvert undir þeim 50 milljónum sem miðað sé við og að ákærði eigi sér miklar málsbætur þá sé útilokað að líta svo á að um stórfelld brot

sé að ræða. Þegar við það bætist að ákærvaldið geri ekki einu sinni tilraun til að halda því fram að brotin hafi haft einhvern ávinning fyrir ákærða þá telur ákærði að það sé ekki annað hægt en að sýkna hann af báðum ákæruliðum þar sem skilyrði um stórfelld brot séu ekki fullnægt. Mikilvægt sé að hafa í huga ákvæði 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga en í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á greininni komi fram hver séu hin almennu viðmiðunaratriði um meiri háttar brot, sem séu fjögur talsins og hvert þeirra nægi til að byggja megi sakfellingu á. Reifar ákærði þessi atriði sem í frumvarpinu greinir, þ.e. hvort fjárhæðir séu verulegar, aðferð sé sérstaklega vítaverð, aðstæður sem auki mjög sagnæmi brots og hvort um ítrekun sé að ræða. Loks er tiltekið í greinargerð af hálfu ákærða að hann sé með hreint sakavottorð og hafi verið mjög samvinnufús við rannsókn málsins og meðferð þess.

IV.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi, en einnig A og F. Verður gerð grein fyrir framburðum þeirra eftir því sem dómurinn telur þýðingu hafa.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa verið aðaleigandi Omzi ehf., en félagið hafi aðallega haft með höndum verktakastarfsemi á sviði bygginga. Hjá félaginu hafi starfað um 25 manns og 7 til 8 verktakar. [...], A og F, hafi upphaflega átt að reka félagið, en það hafi síðan komið í hlut ákærða. Í framburði sínum var ákærða tíðrætt um viðskipti félagsins við D en það félag hafi rift samningi við Omzi ehf. með óréttmætum hætti að mati ákærða. Uppsögn eða riftun samnings um framkvæmdir hafi verið á þeim forsendum að Omzi ehf. hafi farið yfir tímamörk og ekki virt öryggisreglur. Þau vandamál sem félagið Omzi ehf. hafi glímt við hafi byrjað við þessi samningsrof á árinu 2018. Í skýrslu sinni mundi ákærði ekki nákvæmlega aðspurður hver þeirra feðga hefðu verið skráðir fyrir framkvæmdastjórn eða í stjórn félagsins. A hafi þó verið framkvæmdastjóri. Framburður ákærða var skýr að mati dómsins um að ákærði hafi séð um daglegan rekstur, þrátt fyrir skráða stöðu A og að hann hefði haft prókúruumboð. Þótt A hafi greitt reikninga á þeim grundvelli hafi ákærði mælt fyrir um hverja reikninga skyldi greiða. Ákærði hafi stýrt fjárreiðum félagsins og ákveðið hvað skyldi greiða, þ.á m. skatta. A hafi millifært eftir sinni skipun. Ákærði hafi einnig gert samninga við aðra um verkefni, þótt hann auk sona sinna hafi ritað undir þá. Um hlutverk G kvað ákærði hann hafa sinnt faglegu eftirliti við framkvæmdir en ekki komið að bókhaldi eða daglegum rekstri. B hafi séð um bókhald,

launaútreikninga og sölureikninga. Varðandi skattskil kvað ákærði B hafa séð um það undir umsjón ákærða. Er framburður ákærða að mati dómsins ótvíæður um það að ákærði hafi tekið ákvarðanir um skattskil sem og hvort staðið yrði skil á sköttum eða ekki. Kvað ákærði í þessu sambandi að félaginu hafi verið synjað um greiðslustöðvun á röngum forsendum og að unnt hefði verið að bjarga félaginu hefðu það fengið allt það sem það átti ógreitt.

Um hlutverk A og F kvað ákærði þá aðallega hafa haft verkstjórn með höndum og unnið byggingavinnuna sjálfa, en ákærði séð um reksturinn. Þótt þeir [...] hafi rætt atriði varðandi daglegan rekstur hafi ákærði átt lokaákvörðun. Þetta hafi átt við um allt tímabilið og frá maí 2017 til haustsins 2018. Verður framburður ákærða ekki skilinn á annan hátt en þann að hann hafi í reynd séð um reksturinn allan þann tíma sem rannsókn og ákæruefni taka til og farið með úrslitavald um málefni félagsins.

Ákærði gekkst við undirskriftum sínum á greiðsluáætlunum gagnvart tollstjóra sem undir hann voru bornar og fyrir liggja í málinu, frá árunum 2015 og 2016. Hann hafi átt samskipti við skattýfirvöld og innheimtumann ríkissjóðs og einnig á árunum 2018-2019. Á þeim tíma hafi enginn annar hjá félaginu haft með þau samskipti að gera. Undir ákærða voru borin yfirlit sölureikninga á E og D og einnig samantekt yfir skattskylda veltu og útskatt. Hafði ákærði ekki athugasemdir fram að færa við þessi gögn. Taldi hann reikningana hafa verið greidda að sig minnti. Þá voru bornir undir ákærða sölureikningar sem fyrir liggja í málinu og yfirlit yfir vantalda veltu og vantallinn útskatt, en þar kemur fram að veltan hafi verið liðlega 68,7 milljónir króna og útskattur ríflega 16 milljónir króna eða eins og í ákæru. Taldi ákærði fjárhæðirnar býsna háar og sér fyndust þær ekki geta staðist. Nefndi ákærði einnig reikninga sem ekki hefðu verið greiddir eins og saksóknari benti á. Spurður um hvers vegna hefði ekki verið skilað um veltu fyrir mars til apríl 2018 og útskatti upp á ríflega 8 milljónir króna, svaraði ákærði því til að á þeim tíma hefði allt verið í lagi hjá félaginu og honum fyndist þetta skrytið. Spurður að því sama varðandi tímabilið september – október og nóvember – desember 2018 kvað ákærði það hafa verið eftir uppsögnina á samningnum sem verið hafi í ágúst þetta ár. Á þeim tíma hafi B bókarari ekki viljað koma nálægt þessu meira.

Í skýrslu ákærða kom fram að gríðarlegt tap hefði myndast á þessum tíma og aðeins einhver smáverkefni en hann haft um 26 manns í vinnu auk verktaka. Aðspurður hver bæri ábyrgð á að ekki hefði verið skilað virðisaukaskattsskýrslum sagðist ákærði hafa verið einn með reksturinn. Einhver mistök hefði hann gert en líka misst allt.

Um afdregna staðgreiðslu var ákærði spurður út í gögn þar um sem liggja fyrir í málinu, en þar væri um að ræða yfirlit er næðu yfir tímann frá apríl 2018 og fram í janúar 2019 og sýndu heildarfjárhæð rúmlega 18 milljónir króna. Gat ákærði ekki annað séð en að þetta væri rétt en bar við minnisleysi um skil á skýrslum og vanskilum skattsins. Hann bæri aðspurður ábyrgð á að skatti hefði ekki verið skilað.

Í skýrslu ákærða kom fram að D. hefðu verið í skilum við félagið hans frá mars 2018 og fram í júní eða júlí. Unnið hefði verið samkvæmt einingaverðum og líka í tímavinnu. Skýrði ákærði nánar sína hliða á þessum viðskiptum og samskipum við D sem hafi þrátt fyrir allt skuldað Omzi ehf. verulegar fjárhæðir. Starfsmenn hafi fengið greitt þótt félagið hafi ekki fengið greitt fyrir verk, staðið hafi verið skil á launum til allra og laun látin ganga fyrir. Tók ákærði fram að hann væri núna eignalaus og hefði aldrei hagnast á þessum vanskilum skatta.

Loks var ákærði spurður nánar um hvenær hann hafi tekið við rekstri félagsins og svaraði hann á þá lund að hann hefði alla tíð verið í þessum skattamálum og séð um skattskil og raunar reksturinn líka.

Í skýrslu F fyrir dómi kom fram um tengsl hans við Omzi ehf. að þeir [...] hafi ætlað að búa til gott félag í byggingastarfsemi. Ákærði hafi þó séð um allt sem eigandi félagsins. F hafi fremur séð um að stýra starfsmönnum og verkefnum. Ákærði hafi tekið meiriháttar ákvarðanir og gert samninga. Bókarinn hafi séð um að gera sölureikninga. Um skattskil félagsins taldi vitnið F að væntanlega hefði bókarinn séð um þau í samvinnu við ákærða, en ekki vitnið. Kannaðist vitnið þó við að hafa verið skráður framkvæmdastjóri og stjórnarmaður í félaginu. Hann hefði þó í reynd ekki sinnt framkvæmdastjórn eða þeim stöðum sem hann var skráður í heldur ákærði. Aðspurður taldi vitnið víst að D hefðu verið í vanskilum við Omzi ehf. þegar samningi milli félagana hafi verið rift. Fyrirnefnda

félagið hefði rekið þá af vinnusvæðinu þótt Omzi ehf. hafi ekki lokið viðkomandi verki. Enginn hagnaður hafi orðið af þessu verkefni hjá Omzi ehf.

A kvaðst hafa unnið hjá félaginu Omzi ehf., en einkum sem verkstjórnandi á vinnusvæði og í byggingavinnunni sjálfri. Aðspurður kvað vitnið ákærða hafi séð um daglegan rekstur, meiriháttar ákvarðanir og gerð verksamninga. Vitnið hafi ekki komið að því að gefa út sölureikninga. Ákærði og bókari félagsins hafi séð um það að vitnið hélt. A kannaðist við að hafa verið stjórnarformaður og með prókúru frá 7. mars 2018, hann hafi oft borgað reikninga að beiðni ákærða. Aðspurður um hvort A hafi starfað hjá félaginu frá áramótum 2017/2018 kvaðst hann halda svo, en mundi ekki nákvæmlega.

V.

Sem fyrr segir liggja fyrir í málinu samantektir úr skýrslum af ákærða hjá skattranssóknarstjóra. Þá er ekki um að villast samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi að hann sá í reynd um daglegan rekstur einkahlutafélagsins Omzi og einkum skattskil og samskipti við skattýfirvöld. Var hann aðaleigandi félagsins. Verður með stoð í skýrslum ákærða jafnt hjá skattýfirvöldum og fyrir dómi að leggja til grundvallar að hann hafi tekið allar ákvarðanir um það hvort sköttum yrði skilað og þá að sama skapi tekið ákvörðun um og borið ábyrgð á því hvenær þeim var ekki skilað, hvort heldur er staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna eða virðisaukaskatti. Var ákærði því daglegur stjórnandi Omzi ehf. allt árið 2018 og hafði einnig daglega stjórn með höndum auk þess að vera stjórnarmaður í félaginu eftir 7. mars það ár og árið 2019 uns félagið var tekið til gjaldþrotaskipta á því ári.

Ákærði bar því ábyrgð samkvæmt 90. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, 20. og 22. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og 15. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sem daglegum stjórnanda og stjórnarmanni félagsins hvíldi skylda á ákærða að skila virðisaukaskatti af skattskyldri veltu félagsins á þeim uppgjörstímabilum sem ákæra tekur til, en einnig sem daglegum stjórnanda og stjórnarmanni frá 7. mars 2018, sbr. 41. gr. og 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Vísast til dóms Hæstaréttar 16. febrúar 2017 í málinu 777/2015 og dóms Landsréttar 1. mars 2019 í málinu nr. 504/2018

og dóma Hæstaréttar 10. febrúar 2011 í málinu nr. 77/2010 og frá 19. janúar 2012 í málinu nr. 413/2011. Þá er vísað til dóms Landsréttar 15. maí 2020 í málinu nr. 213/2019 og þeirra dóma sem þar er vísað til.

Í skyldum ákærða fólst meðal annars að sjá til þess að skattskilum væri hagað í samræmi við það sem lög áskilja. Nemur fjárhæð afdreginnar staðgreiðslu sem eigi var staðið skil á samtals 18.020.336 krónum sem í engu hefur verið hnekkkt af hálfu ákærða, en um er að ræða tímabilin frá apríl 2018 til janúar 2019. Þá vanrækti ákærði að standa skil á virðisaukaskatti að fjárhæð 16.342.243 krónum og er ekkert komið fram í málinu sem því getur hnekkkt.

Rannsókn skattransóknarstjóra leiddi í ljós að bókhald hafi verið fært það tímabil sem rannsóknin tók til en rekstrargjöld og útskattur hafi ekki verið færð vegna september til og með desember 2018 og ekki verið gerð grein fyrir viðskiptum við einn aðila að fjárhæð 6.000.180 krónur. Efnislega hafi verið staðið skil á röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna mars-apríl og júlí-ágúst rekstrarárið 2018 og ekki hafi verið staðin skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna september-október og nóvember-desember 2018. Skattskyld velta og útskattur hafi verið vanframtalinn, þó hafi innskattur vegna ársins 2018 verið 154.730 krónum hærri en innskattur á virðisaukaskattsskýrslum vegna rekstrartímabilsins frá janúar til og með ágúst 2018. Fyrir liggur yfirlit um vanframtalda virðisaukaskattskylda veltu félagsins vegna tímabilanna janúar-febrúar til og með nóvember-desember 2018 að fjárhæð 68.737.387 krónur og að vantallinn virðisaukaskattur vegna þessara tímabila hafi numið 19.657.237 krónum en vanframtalinn útskattur að frádregnum vantöldum innskatti 16.342.243 krónur. Kemur fram að rangar skýrslur miðað við raunverulega veltu og tímabil þar sem skýrslum var ekki skilað, þrátt fyrir mikla veltu, samsvara háum fjárhæðum. Í rannsókn skattransóknarstjóra er gerð grein fyrir sölureikningum sem lágu til grundvallar rannsókninni og fyrir liggja í málinu. Ekki hafa verið bornar brigður á rannsóknina um að þeir sölureikningar sem rannsakaðir voru hafi verið greiddir. Voru yfirlit og gögn rannsóknarinnar borin undir ákærða í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara 21. desember 2021 án þess að haldbærar mótbárur kæmu fram af hans hálfu.

Að því er varðar staðgreiðsluskilagreinar vegna tímabilanna apríl til og með desember 2018 og janúar rekstrarárið 2019 hafi þeim verið skilað innan lögboðins frests en án greiðslu. Hafi verið vanrækt að standa ríkissjóði skil á þeirri staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna félagsins sem skylda bar til af þess hálfu vegna þessara greiðslutímabila frá apríl til desember 2018 og janúar 2019. Eins og áður er greint frá liggja fyrir sundurliðanir fjárhæða afdreginnar staðgreiðslu sem ekki var staðin skil á vegna þessa tímabila eða 16.945.101 króna vegna þessa tímabils 2018 og 1.075.235 krónur vegna janúar 2019. Ekki hafa komið fram haldbærar mótbárur eða athugasemdir við tölulega niðurstöðu eða grundvöll hennar af hálfu ákærða.

Hefur ákærði unnið sér til refsingar samkvæmt framansögðu. Við skýringu á 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður að telja nægjanlegt svo brot sé meiri háttar að það lúti að verulegum fjárhæðum, sbr. dóm Hæstaréttar 13. apríl 2022 í málinu nr. 35/2021. Verður ákærða því refsað á grundvelli 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 er refsing lögð við vanrækslu þeirri sem um ræðir og brot fullframið þegar greiðslur voru ekki inntar af hendi á réttum tíma. Sama á við um 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987.

Varnir ákærða eru ekki þess eðlis að hrófla við fyrrgreindu mati á refsinemi þeirrar háttsemi sem ákærði viðhafði. Þá er ekki fallist á að niðurstaða skattrannsóknarstjóra hafi verið röng tiltekið tímabil í júlí-ágúst 2018, sem ákæran nær í reynd ekki til, en engar haldbærar skýringar eða gögn hafa verið færð fram sem hnekk geta rannsókn skattrannsóknarstjóra varðandi fjárhæðir þær sem vanrækt var að standa skil á og ákæra byggir á. Þá er í skýrslu skattrannsóknarstjóra, eins og sjá má af gögnum málsins, tekin afstaða til reiknings á hendur D að fjárhæð 13.243.410 krónur frá í ágúst 2018, sem ekki hafi fengist greiddur.

Í málinu liggur ekki fyrir sönnun um vanefndir viðsemjenda Omzi ehf. og verður ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á að slíkar vanefndir, þótt sannar væru, hafi valdið því að ekki var staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda eða virðisaukaskatti þau tímabil sem ákæra varðar. Verður ekki fallist á að rekstrarerfiðleikar eða að ákærði telji félagið hafa átt kröfur á hendur öðrum leiði þegar til þess að ákærði eigi sér málsbætur. Að mati

dómsins eru haldlausar viðbárur ákærða um að vegna þess að útgáfa reikninga tafðist hafi myndast skekkja í skattskilum félagsins sem ákærði stýrði í reynd. Hvíldi skýlaus skylda á félaginu og ákærða fyrir þess hönd að gera þeim sköttum rétt skil og hafa í forgangi, ella óska þegar eftir gjaldþrotaskiptum félagsins ef skuldir væru því ofviða og félagið ógjaldfært. Varnir um að greiðslustöðvun hafi verið ranglega hafnað eru engum rökum studdar. Þá verður ekki séð að áhrif hafi á niðurstöðu skattyfirvalda og rannsókn málsins að ákærði telji sig hafa fært reikninga á milli tímabila. Hefur ákærði engar haldbæran rökstuðning eða gögn fært fram um það. Vegna framlagðra gagna af hálfu ákærða um samskipti við innheimtumann ríkissjóðs og virðisaukaskattskýrslur fyrir tímabilin september til desember 2018, verður ekki annað ráðið en að unnt hefði verið að skila skýrslum áður en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, en þeim hafði samkvæmt rannsókn skattransóknarstjóra ekki verið skilað.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu. Brot ákærða voru stórfelld og nema verulegum fjárhæðum. Við ákvörðun refsingar ber þó að líta til að ákærði hefur í meginatriðum gengist við brotum sínum. Rannsókn skattransóknarstjóra hófst í septembermánuði 2019 og var málinu vísað til héraðssaksóknara í febrúar 2021. Ákæra var síðan gefin út undir lok apríl 2023. Með tilliti til alls þessa verður ákærða gert að sæta fangelsi í átta mánuði en fresta ber fullnustu refsingarinnar í tvö ár haldi ákærði almennt skilorð, sbr. 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða verður að auki gert að greiða sekt, sbr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 30. gr. laga nr. 45/1987. Við ákvörðun sektar verður litið til þess að ákærði hefur ekki greitt af þeim vanskilum sem ákært er fyrir. Brot ákærða lutu bæði að efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum og því að skila ekki slíkum skýrslum, en brot hans voru stórfelld eins og fyrr er rakið. Verður við það að miða að refsing samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 nemi samkvæmt eðli brotsins þreföldun þeirrar fjárhæðar virðisaukaskatts sem ranglega var framtaldur og sem ekki var staðið skil á. Varðandi vanskil staðgreiðslu opinberra gjalda var skýrslum skilað en ekki staðið skil á hinum afdregna skatti. Verður sekt í því tilviki ákveðin sem næst tvöföldun þeirra skatta sem ekki var skilað, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987. Leiðir þetta til þess að sekt ákærða verður ákveðin á grundvelli framangreindra ákvæða 85.000.000 krónur. Verður ákærða gert að greiða þá fjárhæð er renni í ríkissjóð en sæta ella fangelsi í 360 daga.

Með vísan til 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Eiríks Gunnsteinssonar lögmanns. Þykja þau hæfilega ákveðin 3.500.000 krónur auk ferðakostnaðar verjanda að fjárhæð 38.070 krónur.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Jóhannsson, sæti fangelsi í átta mánuði en fresta ber fullnustu refsingarinnar í tvö ár frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 85.000.000 krónur í sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði greiði sakarkostnað sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Eiríks Gunnsteinssonar, lögmanns, að fjárhæð 3.500.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts og ferðakostnaður verjanda sem nemur 38.070 krónum.

Einar Karl Hallvarðsson